


lesbók



Krítík „Á vissan hátt gengur sýningin því út frá hugmyndinni um að við lifum nú á tímum sem að einhverju leyti eru handan listasögunnar og sem tákn um það er hinu mikla verki Kjarvals „Kritík“ snúið við, þannig að það snýr bakhlið sinni til áhorfenda,“ segir Einar Garibaldi um Kjarvalssýninguna á Kjarvalsstöðum en henni lýkur á morgun sunnudag.

Handan listasögunnar

Á Kjarvalsstöðum fer nú að ljúka sýningunni „K-þátturinn / Málariinn Jóhannes S. Kjarval“, en á henni eru verk „Meistara Kjarvals“ sett fram í óvenjulegu og allnýstárlegu samhengi. Í greininni hér á eftir lýsir sýningarstjórinn nokkrum hugmyndum að baki sýningunni, sem lýkur sunnudaginn 2. september. Þess má geta að þann dag kl. 15.00 verður Einar með leiðsögn fyrir áhuga-fólk um sýninguna.

Eftir Einar Garibalda Eiríksson
einar.garibaldi@lhi.is

Í bókmenntafræði hefur hugtakið K-þáttur þá sérstöku merkingu að vísa til skáldsagnapersóna er þjáast af hvers kyns ofskynjunum eða eiga við taumlausa ofsóknaráratu að stríða. Þessi notkun á sér fyrirmynd í höfuðpersónu *Réttarhaldanna* eftir tékkneska rit höfundinn Franz Kafka, en í því verki vaknar herra K. upp af þeim vonda draumi, að vera ásakaður um glæpi er hann kannast ekki við að hafa framið. Eðlisfræðingar nota þetta sama hugtak til að markað hámarksspennu er efnid þolir áður en það brotnar í sundur eða gefur sig undan álagi. Og með svipuðum hætti hafa þekkingarfræðin notað það sem vísun til endimarkað kunnáttunnar, eða þeirra mæra er aðgreina hið skilgreinanlega frá hinu óþekktu. Þessi gefnu mæri eru að sjálfsögðu mörkuð með stórum upphafsstafræðingum og þannig hafa þekkingarfræðin einmitt útilokað – eða í það minnsta reynt að gjaldfella þá tegund þekkingar er hvorki dregur né þarfnast slíkra markaðna og birtir niðurstöður sínar á opnari og listrænni tjáningarmáta. Titill sýningarinnar vísar þannig til þeirrar skynjunar er nemur heiminn handan

hins gefna og augljósa, ásamt vandanum er felst í því að orða hið ókunna er býr handan hinna gefnu mæra þekkingarinnar.

Sýningunni er fyrst og fremst ætlað að hvetja áhorfendur til að taka þátt í samræðu við málara Jóhannes S. Kjarval og líta á sýningararrými Kjarvalsstaða sem áhættusvæði óheftrar hugsunar, fremur en geymslustað ósnertanlegra meistaraverka. Á henni er samband okkar við Kjarval spennt til hins ýtrasta; hefðbundnir rammar þekkingarinnar eru fjarlægðir og verk hans sýnd án skírskotunar til stílfræði eða listsögulegra útleggunga. Engar tilraunir eru gerðar til að greina eða túlka verk hans með vísunum til staðreynda er varða líf hans, líkamsburði eða lundarfar, og þannig eru sýningargestir hvattir til að nálgast verkin án nokkurra formerkja, til að stíga nær þeim á eigin forsendum án frekari málalenginga.

Sýningin hafnar hefðbundinni nálgun og aðferðafræði listasögunnar og stendur því að vissu leyti handan hennar. Með hefðbundinni listasögu er átt við þá tegund greiningar er byggir fræði sín á formgerðarlýsingum og hugmyndum um stúlæna framvindu innan ramma ævisögunnar, aðferðar er hófst með ritun Vasari á *Ævum hinna miklu listamanna* og lauk með stóru bókinni um Kjarval 1875-1972, en í hana ritar einmitt einn af merkisberum hugmyndarinnar um endalok listarinnar. Á vissan hátt gengur sýningin því út frá hugmyndinni um að við lifum nú á tímum sem að einhverju leyti eru handan listasögunnar og sem tákn um það er hinu mikla verki Kjarvals „Kritík“ snúið við, þannig að það snýr bakhlið sinni til áhorfenda.

Hvernig sem á það er lítið snýr verkið þó rétt á sýningunni, en árum saman hefur það einmitt hangið yfir nemendum í listasögu handan við vegginn þar sem það er nú sýnt, auk þess sem það prýðir forsíðu stóru bókarinnar um Kjarval. Þannig snýr verkið rétt í tvöföldum skilningi;

» Aðferðir hefðbundinna listfræða hjálpa okkur vissulega við að halda utan um ýmsa mikilvæga þætti skilnings okkar á Kjarval, en á sama tíma verðum við að vera okkur meðvituð um takmörk þeirra og allra síst megum við láta þau einoka sambandið við Kjarval, enda þarfnast verk hans okkar sem áhorfenda, ekki síður en við þörfnumst þeirra.

annars vegar í átt að þeirri listasögu sem kennd er handan við vegginn og þeirrar sem geymd er innan bókkápuunnar, en hins vegar til sýningargestanna hérna megin listasögunnar, berskjaldað og opið fyrir nýjum túlkunum handan goðsagnarsmíða hinna hefðbundnu listfræða.

Með viðsnúningi Kjarvalsverksins er ekki ætlunin að fá sjálfan höfundinn til að snúa sér við í gröfnni, öllu heldur felur hann í sér gagnrýni á þá umgengni og umræðu er við höfum átt í um arfleifð hans. Hér er alls ekki farið fram á að verkið snúi þannig til frambúðar, heldur er það fremur gert sem áminning um stöðu okkar ef svo ólánlega vildi til að við yrðum án verka hans, auk þess að vilja vera hvatning til endurhugsunar á afstöðu okkar og sambandi til þeirra.

Á tímabili gekk sýningin undir vinnuheitinu „Kjarval – Unplugged“, er sækir til þess er rokkhljómsveitir koma fram án stuðnings rafmagnunar. Vinnuheiti sýningarinnar fangaði þannig ágætlega einn af megin útgangs-

punktum hennar, sem var að mega birta okkur Kjarval algerlega umbúðalaus, þannig að sýningargestir gætu notið verka hans án utanaðkomandi truflunar. Á sýningunni eru allir rammar fjarlægðir af verkum hans, auk þess sem þau eru sýnd án allra hefðbundinna grunnupplýsinga; því að þeim fylgja hvorki mál, titlar, ártöl eða efnisval, né heldur vangaveltur um meint inntak þeirra eða innihald. Í stað þess er rödd Kjarvals leyft að hljóma; bæði úr hátölurum og í sýningarskrá, þar sem hugleiðingar hans, ádrepar og ábendingar gamalla viðtala leiða sýningargesti í gegnum salina. Þetta færir okkur óneitanlega nær Kjarval og verkum hans, því um leið og við hlustum á orð hans sjálfs, losna verk hans úr römmum þeirrar hugsunar er lokað hafa þau innan ákveðinnar og gefinnar merkningar og engu er líkara en við uppgötum nýjan Kjarval, handan allra fastmótaðra útlitana um eðli, stíl og merkingu í verkum hans.

Aðferðir hefðbundinna listfræða hjálpa okkur vissulega við að halda utan um ýmsa mikilvæga þætti skilnings okkar á Kjarval, en á sama tíma verðum við að vera okkur meðvituð um takmörk þeirra og allra síst megum við láta þau einoka sambandið við Kjarval, enda þarfnast verk hans okkar sem áhorfenda, ekki síður en við þörfnumst þeirra. Því menningarleg sjálfsvitund okkar krefst þess að við eigum í stöðugu samtali við verk hans og svo framarlega sem þau hreyfa við skynjun okkar og skilningi, eru þau í senn of dýrmæt og mikilvæg til að við getum leyft okkur að gleyma þeim á safni, hneppt í þröngan skilning opinberrar lýsingar á sannleiksgildi þeirra. Handan listasögunnar er því óþarfi að óttast um afdrif listarinnar og hérna megin markalinunnar hljótum við að snúa baki við goðsögninni um meistarann og gefa sjálfum okkur nauðsynlegan tíma til að hlusta eftir mikilvægri rödd málarans Jóhannesar S. Kjarvals.

Höfundur er myndlistarmaður.